

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Nancy Rut Helgadóttir og Vigdís Sigurðardóttir, fóru í reglubundið ítareftirlit í eldisstöð Arctic Sea Farm að Norður-Botni II, FE-1205, mánudaginn 2. mars og þriðjudaginn 3. mars 2026.

Viðstaddir eftirlitið af hálfu eftirlitsþega voru Sigurvin Hreiðarsson aðstoðarstöðvarstjóri, Guðmundur Ólafsson gæðastjóri, Magnús Óskar Hálfðásson verkstjóri. Þá var John Gunnar Grindskar COO einnig viðstaddur eftirlitið fyrri daginn.

Gengið var um fiskeldisstöðina og eldisker yfirfarin ásamt því að varnir gegn stroki voru skoðaðar. Þá var farið yfir gæðaskjöl og skráningar á skrifstofu eldisstöðvarinnar og óskuðu eftirlitsmenn eftir að fá valin skjöl útprentuð sem og þjálfunarskrár allra starfsmanna eldisstöðvarinnar og frávíkaskráningar.

Eins og fram kemur í eftirlitsskýrslu þessari kom það fyrir í það minnsta kosti í þriggja að eftirlitsmönnum voru sýndar verklagsreglur sem starfsmenn eftirlitsþega kváðu gilda um þessa til teknu eldisstöð en við nánari skoðun eftirlitsmanna bæði þegar eftirlitið fór fram og á skrifstofu stofnunarinnar kom í ljóst að þar gætti misræmis við þær verklagsreglur sem höfðu verið yfirfarnar af Matvælastofnun þegar eldisstöðin fékk nýtt rekstrarleyfi 30. júní 2025. Af hálfu stofnunarinnar er ljóst að ný gæðaskjöl hafa ekki verið innleidd í gæðakerfi eldisstöðvarinnar og því enn stuðst við úrelt gæðaskjöl. Matvælastofnun lítur framangreint alvarlegum augum.

Matvælastofnun gefur frest til 7. maí 2026 til að ljúka úrbótum vegna alvarlegra frávika í eftirlitsskýrslu þessari.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi	07/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni	07/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Búnaður til að endurheimta fisk	07/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Gæðahandbók	07/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfun starfsmanna	07/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna	07/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur	07/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir	07/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit	07/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Sannprófun	07/05/2026

Viðstödd heimsókn Arctic Sea Farm hf.
Kennitala viðtakenda 700807-0450
Skoðunarmaður Vigdís Sigurðardóttir
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 2 klst.
Frágangur 3 klst.
Tímar við úttekt 18 klst.
Akstur 6 klst.

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Ekki er til staðar yfirlit yfir fiskeldisstöðina þar sem merkt eru inn niðurföll, frárennsli og varnir gegn stroki. Sú mynd sem eftirlitsmönnum var sýnd var frá árinu 2018 og ljóst að töluverðar breytingar hafa orðið á frárennsli, eldiseiningum og vörunum gegn stroki, þar með talið þær breytingar sem gerðar voru á árinu 2025.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Eldisbúnaður og fiskheldni

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 13. desember 2024: „Frávik sem skráð var í eftirliti þann 3. júní 2024 hvað varðar stærð rista hefur verið lagfært en seinnivörn í frárennsli er á úrbótaáætlun hjá rekstraraðila og á framkvæmdum að vera lokið í lok febrúar 2025. Matvælastofnun mun fylgja því eftir í næsta reglubundna eftirliti.“

Samkvæmt starfsmanni eftirlitsþega er búið að setja upp brunn þar sem fráveita fór áður út í sjó. Í dag liggur þaðan rör sem leiðir affallsvatn út í sjó en vatn rennur óhindrað út úr brunninum út í sjó. Voru eftirlitsmenn jafnframt upplýstir að áætlunin hefði verið að að setja rist í brunninn en upp hefði komið vandræði með hana og enn væri verið að reyna að finna lausn á þessu vandamáli.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 eiga fiskeldisstöðvar að vera með til staðar búnað í frárennsli stöðva sem fanga þann fisk sem sleppur. Matvælastofnun lýtur svo á að slík vörn sé enn ekki til staðar og varnir frárennslis því ennþá ófullnægjandi. Þar sem hér er um að ræða ítrekað frávik verður það nú alvarlegt frávik.

Samkvæmt e lið 1. mgr. 48. gr. reglugerðar um fiskeldi ber að skrá m.a. viðhald sem tengis innra eftirliti eldisstöðva og geyma í minnsta fimm ár. Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að sjá skrá fyrir viðhald eldisstöðvarinnar en slík skrá er ekki til staðar.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Búnaður til að endurheimta fisk

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuð eftir að fá að sjá búnað til að endurheimta fisk. Það tók aðstoðarstöðvarstjóra eftirlitsþega tæplega 20 mínútur að finna netið og þá eftir að hafa haft samband við þriðja aðila símleiðis. Netin höfðu þá verið flutt án vitneskju aðstoðarstöðvarstjóra. Í viðbragðsáætlun vegna stroks kemur fram að net séu geymd utandyra við fráveitu en eftir að breytingar voru gerðar á frárennsli stöðvarinnar árið 2025 hefur staðsetningu netanna verið breytt án þess að viðbragðsáætlunin hafi verið uppfærð. Matvælastofnun telur afar mikilvægt að staðsetning neta sé rétt skrásett í viðbragðsáætlun um stork og að allir starfsmenn eftirlitsþega séu vel upplýstir, öllum stundum, hvar netin eru geymd og hvernig eigi að nota þau.

Einungis var til staðar net með einni möskvastærð og því ljóst að ekki eru til staðar net til að fanga allar stærðir fiska sem eru í stöðinni á hverjum tíma.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Gæðahandbók

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Eftirlitsmenn óskuð eftir því að fá að sjá staðfestingu á að árlegur fundur hafi verið haldinn með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvarinnar. Eftirlitsmenn fengu upplýsingar um að ekki hafi verið haldinn fundur á árinu 2025 en það hafi verið gert á árinu 2024. Ekki liggur neitt til staðfestingar á að fundurinn hafi verið haldinn á árinu 2024 annað en glærusýning, ekki fundargerð né staðfesting á hvaða starfsmenn tóku þátt. Matvælastofnun lýtur svo á að árlegur fundur hafi ekki verið haldinn eins og kröfur eru um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Í ljósi þessa skráist alvarlegt frávik á þetta eftirlitsatriði.

Í gæðahandbók vantar starfslýsingar þar sem kemur fram verksvið og ábyrgðarsvið starfsmanna fiskeldisstöðvarinnar, sbr. viðauki III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Í viðbragðsáætlunum og verklagsreglum sem gilda fyrir stöðina eru notuð mismunandi heiti fyrir sömu stöður, þannig er t.d. ýmist talað um stöðvarstjóra, svæðisstjóra eða eldisstjóra.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Þjálfun starfsmanna

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Eftirlitsmenn óskuð eftir því að fá að sjá verklagsreglu um þjálfun starfsfólks og jafnframt að fá hana útprentaða. Við yfirferð á verklagsreglu um þjálfun starfsfólks er ljóst að þeirri þjálfun sem þar er lýst uppfyllir ekki kröfur reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 til þjálfunar starfsmanna eldisstöðva og er þjálfun skv. henni ófullnægjandi.

Af því sem fram kom í eftirliti Matvælastofnunar er jafnframt ljóst að umfangsmeiri þjálfun á sér í raun stað heldur en lýst er í

verklagsreglunni og enn fremur er þeirrar þjálfunar ekki getið í þjálfunarskrá starfsmanna.

Sú verklagsregla sem eftirlitsmönnum var sýnd er með öllu ófullnægjandi og vísast til sömu sjónarmiða og fram kemur í texta efst í þessu eftirlitsatriði.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit Þjálfunarskrá starfsmanna

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Matvælastofnun óskaði eftir að fá útprentaðar þjálfunarskrár allra starfsmanna eldisstöðvarinnar á meðan eftirlitinu stóð. Þjálfunarskrárnar voru yfirfarnar á skrifstofu Matvælastofnunar. Samkvæmt upplýsingum sem aflað var í eftirlitinu starfa 15 starfsmenn í eldisstöðinni. Matvælastofnun fékk einungis þjálfunarskrár 13 starfsmanna og því ljóst að þjálfunarskrár vantar fyrir tvo aðila.

Matvælastofnun hefur alvarlegar athugasemdir við þjálfunarskrár starfsmanna eldisstöðvarinnar og telur skráningu í þær verulega ábótavant.

Í öllum tilfellum er ekki tilgreint í þjálfunarskránni hvenær starfsmaður hóf störf. Því er ekki hægt að staðreyna hvort nýliðaðþjálfun eða önnur þjálfun hafi átt sér stað innan réttra tímamarka.

Í tvær þjálfunarskrár vantar nafn starfsmanns.

Í fjölmörgum þjálfunarskrám er ekki hægt að staðfesta hvaða ár þjálfun átti sér stað heldur einungis dag og mánuð.

Ekki er öll þjálfun skráð í þjálfunarskrá þar sem þjálfunarskránum fylgdi prófskírteini o.fl. m.a. frá Veso og VETAQ og því ljóst að þjálfun starfsmanna er í einhverjum tilfellum meiri en kemur fram í þjálfunarskránni.

Í þjálfunarskrám starfsmanna vantar að tilgreina þátttöku þeirra í árlegum fundi um innihald gæðahandbókar.

Samkvæmt þjálfunarskrá eins starfsmanns virðist hann hafa þjálfað sjálfan sig og staðfest þjálfun sína sjálfur áður en hann hóf störf ef miðað er við uppgefnar upplýsingar af starfsmannalista.

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er fjallað um þjálfun starfsmanna eldisstöðva. Skýrar kröfur eru um þá þjálfun sem starfsfólk ber að hljóta áður en það hefur störf í fiskeldisstöð, sbr. 1. mgr. 50. gr. og viðauka III í fyrrnefndri reglugerð. Þannig þurfa nýir starfsmenn að fá kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis, þjálfun í vörnum gegn stroki, viðbrögðum við stroki, meðhöndlun eiturefna, þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti rekstraraðila. Þá þurfa allir starfsmenn fiskeldisstöðva einnig að fá þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif og að tryggja velferð eldisdýra. Við yfirferð þjálfunarskrár starfsmanna eldisstöðvarinnar er ljóst að enginn af þeim hefur hlotið alla þá þjálfun sem kröfur eru um til starfsmanna eldisstöðva samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 þrátt fyrir að hafa starfað hjá rekstrarleyfishafa í langan tíma.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit Verklagsreglur

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá allar þær verklagsreglur sem giltu um fiskeldisstöðina. Þær verklagsreglur sem eftirlitsmönnum voru sýndar voru í flestum tilfellum of almennar og vantaði upp á nánari lýsingu á framkvæmd þeirra, viðmið og fjölda starfsmanna sem þarf til verksins. Þá er í einhverjum tilfellum lýst verklagi sem ekki er framkvæmt t.d. í verklagsreglu sem ber heitið „Daglegt“. Þar kemur fram að fjarlægja skuli daglega dauð hrogn og kviðpokaseiði en þeirri framkvæmd hefur verið breytt og er það gert vikulega að sögn aðstoðarstöðvarstjóra. Í einhverjum tilfellum eru verklagsreglur tvíteknar og lýsa úreltri framkvæmd og jafnframt voru til staðar verklagsreglur sem komnar voru yfir tímamörk fyrir endurskoðun sem eftirlitsþegi hefur sjálfur ákveðið.

Í verklagsreglu um flokkun og dælingu vantar að lýsa framkvæmd verksins og viðbrögðum við frávikum. Undir liðnum skráning kemur ekki fram að skrá skuli frávik eða hvernig skrá skuli flokkun og dælingu í gæðakerfi.

Við yfirferð á verklagsreglu um útsetningu varð eftirlitsmönnum ljóst að henni bar ekki saman við þá verklagsreglu sem Matvælastofnun hafði yfirfarið í gæðahandbók eftirlitsþega þegar eldisstöðin fékk nýtt rekstrarleyfi 30. júní 2025. Sú verklagsregla sem eftirlitsmönnum var sýnd er með öllu ófullnægjandi og vísast til sömu sjónarmiða og fram kemur í texta efst í þessu eftirlitsatriði.

Í verklagi um lokun frávíka segir að fundargerðir gæða og öryggisfunda skuli skráð af gæðastjóra eða fulltrúa hans og vistuð í EQS. Eftirlitsmenn óskuðu eftir því að fá að sjá fundargerðirnar en voru upplýst um að ekki væru haldnar fundargerðir fyrir fundina.

Verklagsreglu varðandi bólusetningu er ekki framfylgt. Í verklagsreglunni Gæðaeftirlit með bólusetningu segir eftirfarandi; „Meðan á bólusetningu stendur þarf að skoða að lágmarki 100 fiska eða sem næst því yfir daginn með tilliti til magns bóluefnis í kviðarholi og almenns heilbrigðis. Í eftirliti kom í ljós að það var oft einungis einu sinni á bólusetningardegum skoðaðir fiskar sem voru bólusettir og um 24 fiskar skoðaðir. Engin skráð viðbrögð voru vegna þeirra frávíka sem viðkomandi starfsmaður skráði. Til dæmis vantar tímasetningu og viðbrögð við „bleeding“ þann 08.02.2026 og sama á við 16.02.2026 sem eru þær bólusetningar sem áttu sér stað áður en seiði í H1B2 voru bólusett og eru núna að glíma við sár og sýkingar.“

Í verklagsreglu um skráningar eru atriði tilgreind sem ekki eru gerð og eiga ekki við um eldisstöðina, þar með talið söfnun kræklinga og þrif á kvíum og línum.

Þær verklagsreglu sem eftirlitsmönnum voru sýndar voru flestar einungis á íslensku en samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum eftirlitsþega er um það bil jafnt hlutfall starfsmanna sem tala íslensku og önnur tungumál. Matvælastofnun beinir þeim tilmælum til eftirlitsþega að hafa þýðingar á verklagsreglum á þeim tungumálum sem allir starfsmenn hans skilja.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Viðbragðsáætlanir

Viðbragðsáætlun vegna stroks þarf að uppfæra þar sem hún er með úreltum upplýsingum. Gerðar hafa verið breytingar á frárennsli þannig að viðbragð er annað í dag en lýst er í viðbragðsáætlunin og net eru ekki geymd á sama stað og kemur fram. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni eftirlitsþega virka ekki þær frárennslisgrindur sem viðbragðsáætlunin kveður á um að skuli notaðar vakni grunur um stök eða stök hefur átt sér stað. Ekki er lýst viðbragði við stroki við dæling í brunnbát og áhættumat á stroki við slíkar aðstæður. Í viðbragðsáætlunina vantar því lýsingu á mismunandi atvikum sem geta leitt til stroks og mismunandi viðbrögðum við þeim. Í ljósi þessa skráist alvarlegt frávik á þetta eftirlitsatriði.

Í viðbragðsáætlun um tímabundna rekstrarstöðvun þarf einnig að koma fram að tilkynna þurfi jafnframt um rekstrarstöðvunina til Matvælastofnunar, ekki einungis Umhverfis- og Orkustofnunar.

Í viðbragðsáætlun um varanlega rekstrarstöðvun þarf að koma fram að tilkynna þurfi Matvælastofnun þegar rekstrarstöðvun hefur átt sér stað.

Ekki er til staðar viðbragðsáætlun vegna bilunar í hreinsibúnaði (lífhreinsi).

Þær viðbragðsáætlanir sem eftirlitsmönnum voru sýndar voru margar einungis á íslensku en samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum eftirlitsþega er um það bil jafn hlutfall starfsmanna sem tala íslensku og önnur tungumál. Matvælastofnun beinir þeim tilmælum til eftirlitsþega að hafa þýðingar á viðbragðsáætlunum á þeim tungumálum sem allir starfsmenn hans skilja.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Innra eftirlit

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá verklagsreglu um innra eftirlit. Verklagsreglan sem eftirlitsmönnum var sýnd bar ekki saman við þá verklagsreglu sem Matvælastofnun hafði yfirfarið í gæðahandbók eftirlitsþega þegar eldisstöðin fékk nýtt rekstrarleyfi 30. júní 2025. Sú verklagsregla sem eftirlitsmönnum var sýnd var ófullnægjandi.

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn Matvælastofnunar eftir því að fá staðfestingar á skráningu innra eftirlits. Ekki var hægt að framvísa slíkri skráningu og lítur Matvælastofnun svo á að skráning sé því ekki til staðar og innra eftirlit því ekki framkvæmt markvisst.

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá afhendar atvikaskráningar eldisstöðvarinnar frá því í júní 2024 og voru þær yfirfarnar á skrifstofu stofnunarinnar. Af þeim upplýsingum sem fengust frá starfsmönnum eftirlitsþega þegar eftirlitið átti sér stað og yfirferð á atvikaskráningum telur Matvælastofnun ljóst að viðbrögð við frávikum séu ekki markvisst né skráð og til staðar sé skortur á yfirsýn yfir frávik og alvarleika þeirra hjá starfsmönnum eftirlitsþega. Mörg af þeim frávikum sem eftirlitsmenn fóru yfir á skrifstofu Matvælastofnunar voru þess eðlis að þau hefði þurft að rótargreina, skrásetja og vinna að frekari úrbótum en svo virðist ekki hafa verið gert.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

Frestur til úrbóta: 07/05/2026

Sannprófun

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá verklagsreglu um sannprófun. Samkvæmt aðstoðarstöðvarstjóra er slík verklagsregla ekki til staðar.

Óskað var eftir að fá útprentað eintak af síðustu sannprófun sem framkvæmd var á eldisstöðinni. Skjalið sem eftirlitsmönnum var afhent ber heitið „Sannprófun á innra eftirliti (imported 31.05.2021)“ er ljóst að það er einungis gátlistinn sem fylgja á sannprófun og úrbótaáætlunin en ekki sannprófunarskýrslan sjálf. Umræddur gátlisti var skráður „closed“ 28. ágúst 2024. Matvælastofnun telur því ljóst að sannprófun hafi ekki átt sér stað frá því a.m.k. í ágúst 2024 og eftirlitsþegi hafi því ekki uppfyllt kröfur um sannprófun sem koma fram í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 þar sem kveðið er á um að sannprófa skuli innra eftirlit eldisstöðvar að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir stök eða önnur alvarleg óhöpp og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar. Matvælastofnun telur jafnframt að tilefni hafi verið til að sannprófa önnur atvik, t.d. breytingar á frárennsli stöðvarinnar og ítrekuð atvik þar sem upp koma uggaskemmdir eða sár á seiðum í kjölfar bólusetningar.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Niðurlag

Þann 03/03/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 19/03/2026. Heimsóknin var boðuð fyrirfram. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 10 skoðunatriðum, þar af 10 alvarleg frávik og 0 frávik.

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit: 13 af 16 skoðunatriðum voru yfirfarin. Þar af var 0 frávik og 10 alvarleg frávik.

Nánari útlitun á skoðunatriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

[Lagagrunnur eftirlits](#)

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

- Þjálfunarskrá starfsmanna
- Rekstrarleyfi
- Eldisbúnaður og fiskheldni
- Viðbragðsáætlanir
- Innra eftirlit
- Eftirlit með flutningi á fisk
- Dagbókarfærslur
- Gæðahandbók
- Sannpröfun
- Búnaður til að endurheimta fisk
- Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
- Þjálfun starfsmanna
- Verklagsreglur

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Fóðurgeymsla

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Aukaafurðir dýra (ABP)

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Framleiðsluskýrsla